

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 160 – 14.09.2012

Föstudaginn 14. september árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 14.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum.
2. Samningar við KS um heitt vatn í Vallhólma.
3. Starfssamningur við Gunnar Björn Rögnvaldsson.
4. Bréf frá Iðnaðarráðuneytinu varðandi lánamál v/ borunar v/ Kýrholt.
5. Borun í Hrolleifsdal – staða mála.
6. Væntanlegar skiplagsbreytingar á starfsemi Skv. – staða mála.
7. Hitaveita við Lambanesreyki
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fyrst liður dagskrár tekin fyrir og eftirfarandi samþykkt:
Einar Gíslason kjörinn formaður, Úlfar Sveinsson kjörinn varaformaður og Jón Magnússon kjörinn meðstjórnandi.
2. Páll gerði grein fyrir óformlegum viðræðum sem hann hefur átt við Þórólf Gíslason kaupfélagsstjóra. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að Páll og Einar óski efir fundi með kaupfélagsstjóra og stjórnarformanni KS varðandi málið.
3. Einar lagði fram starfssamning við Gunnar Björn Rögnvaldsson. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir framlagðan samning og felur Einar að ganga frá honum.
4. Lagt fram bréf frá Iðnaðarráðuneyti dags 10. september 2012 vegna endurupptöku máls í tengslum við niðurfellingu lánsloforðs frá 2003 til Skagafjarðarveitna ehf. vegna verkefnis á sviði jarðhitaleitar við Kýrholt. Í bréfinu kemur fram eftirfarandi ákvörðun.
Sá hluti ákvörðunar Iðnaðarráðuneytis, dags. 14. nóvember 2010, um að staðfesta tillögu Orkuráðs frá 11. desember 2009 um að ekki verði um að ræða frekari afgreiðslu úr Orkusjóði á lánsloforði frá 2003 til Skagafjarðarveitna ehf. vegna verkefnis við Kýrholt, þ.e. að Skagafjarðarveitur ehf. geti ekki átt réttmætar væntingar til þess að umrætt lánsloforð verði virkjað vegna forsendubrests, er felld úr gildi með vísan til 25. gr. stjórnsýslulaga.
Iðnaðarráðuneytið hafnar þeirri tillögu Orkuráðs dags. 11. desember 2009 að ekki komi til afgreiðslu á eftirstöðvum láns frá árinu 2003 til Skagafjarðarveitna ehf. vegna jarðborana við Kýrholt og telur að efna beri umrætt viljrði fyrir láni úr Orkusjóði frá 2003 í samræmi við lög nr. 87/2003, um Orkustofnun, og reglugerð nr. 514/2003, um Orkusjóð, þar sem ekki liggja lögætar ástæður til annars.
Stjórn Skagafjarðarveitna fagnar þessari niðurstöðu og samþykkir að taka lánið
5. Páll gerði grein fyrir borun í Hrolleifsdal en hún hófst síðast liðin mánudag. Borinn er komin niður á 84 metra.

6. Rætt um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar hjá Skagafjarðarveitum ehf.,
7. Lögð fram kostnaðraráætlun á lagningu hitaveitu frá Lambanes-Reykjum um Lamarnesás í Fljótum.
8. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson(sign)
Páll Pálsson veitustjóri (sign)